

### ***Skipulags- og umhverfisnefnd***

Ásvaldur Ævar Þormóðsson, Stóru-Tjörnum, formaður, A lista  
Nanna Þórhallsdóttir, Brekkutúni, A lista  
Sæþór Gunnsteinsson, Presthvammi, A lista  
Sigurður Hlynur Snæbjörnsson, Breiðamýri, T lista  
Jóhanna Sif Sigþórsdóttir, Hólavegi 7, T lista

### ***Varamenn***

Helga Magnea Jóhannsdóttir, Draflastöðum, A lista  
Kári Karlsson, Nípá, A lista  
Margrét Bjarnadóttir, Dæli, A lista  
Friðgeir Sigtryggssona, Breiðamýri, T lista  
Hörður Þór Benónýsson, Hömrum, T lista

### ***Brunavarnarnefnd***

Arnór Benónýsson, Hellu, formaður  
Helga Erlingsdóttir, Landamótsseli  
***Varamenn***  
Þórunn Jónsdóttir, Sólvangi  
Arngrímur Páll Jónsson, Granastöðum

### ***Kjörstjórn***

Bjarni Höskuldsson, Aðalbóli, formaður  
Dagný Pétursdóttir, Öxará  
Helga Erlingsdóttir, Landamótsseli  
***Varamenn***  
Ragnheiður Árnadóttir, Gerði  
Gísli Sigurðsson, Brekkutúni  
Steinn Jóhann Jónsson, Lyngholti

### ***Héraðsnefnd Þingeyinga***

Arnór Benónýsson og Margrét Bjarnadóttir til vara.

### ***Samstarfsnefnd Þingeyjarsveitar og Landsvirkjunar***

Arnór Benónýsson og Árni Pétur Hilmarsson og Margrét Bjarnadóttir til vara.

### ***Aðalfundur Eyþings***

Frestað til næsta fundar

### ***Landsþing Sambands íslenskra sveitarfélaga***

Arnór Benónýsson og Margrét Bjarnadóttir til vara.

### ***Dvalarheimili aldraðra sf.***

Arnór Benónýsson og Dagbjört Jónsdóttir til vara.

### ***Fjallskilastjórar***

Frestað til næsta fundar.

*Nefndarkjör samþykkt samhljóða.*

### **4. Ákvörðun um fundartíma sveitarstjórnarfundar**

Tillögur að fundartíma sveitarstjórnarfundar teknar til umræðu.

*Samþykkt samhljóða að sveitarstjórnarfundir verði haldnir á skrifstofu sveitarfélagsins í Kjarna á fimmtudögum aðra hvora viku og hefjist kl. 13:00. Næsti fundur sveitarstjórnar verður haldinn fimmtudaginn 3. júlí kl. 13:00 og fyrsti fundur eftir sumarfrí verður haldinn fimmtudaginn 7. ágúst kl. 13:00.*

### **5. Fundargerð Skipulags- og umhverfisnefndar frá 11.06.2014:**

Lögð fram fundargerð Skipulags- og umhverfisnefndar frá 11. júní s.l. Ásvaldur gerði grein fyrir fundargerðinni sem er í fjórum liðum.

- I. liður fundargerðar; Kárhóll í Reykjadal, breyting á aðalskipulagi og tillaga að deiliskipulagi. *Sveitarstjórn samþykkir að fela skipulags- og byggingarfulltrúa að kynna tillöguna og forsendur hennar fyrir íbúum sveitarfélagsins, sveitarstjórnnum aðliggjandi sveitarfélaga og öðrum hagsmunaaðilum eins og 2. mgr. 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 kveður á um, áður en hún verður tekin til afgreiðslu í sveitarstjórn.*
2. liður fundargerðar; Laxárlína 1, umsókn um framkvæmdaleyfi vegna breyttrar legu. *Sveitarstjórn samþykkir umsóknina um framkvæmdaleyfi og felur skipulags- og byggingarfulltrúa að gefa út framkvæmdaleyfið eins og 13.-16. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 mæla fyrir um.*
3. liður fundargerðar; Efnistökusvæði E-41 á Fljótshéiði, umsókn um framkvæmdaleyfi. *Sveitarstjórn samþykkir umsóknina um framkvæmdaleyfi og felur skipulags- og byggingarfulltrúa að gefa út framkvæmdaleyfið eins og 13.-16. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 mæla fyrir um.*  
*Fundargerðin staðfest að öðru leyti.*

### **6. Aðalfundarboð Atvinnuþróunarfélags Þingeyinga hf.**

Lagt fram aðalfundarboð Atvinnuþróunarfélags Þingeyinga hf. sem haldinn verður 26. júní n.k. í Öxi á Kópaskeri.  
*Samþykkt að sveitarstjóri fari með umboð Þingeyjarsveitar á fundinum.*

### 7. Aðalfundarboð Dvalarheimilis aldraðra sf.

Lagt fram aðalfundarboð Dvalarheimilis aldraðra sf. sem haldinn verður 24. júní n.k. á Húsavík.

*Samþykkt að sveitarstjóri fari með umboð Þingeyjarsveitar á fundinum.*

### 8. Tilnefning í starfshóp um raforkumál á Norðausturlandi:

Fyrir fundinum liggur bréf frá Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu, dags. 26. maí s.l. þar sem óskað er eftir tilnefningu eins sameiginlegs fulltrúa frá Þingeyjarsveit og Skútustaðahreppi í samstarfshóp um raforkumálafni á Norðausturlandi. Árið 2009 skipaði iðnaðarráðherra ráðgjafahóp til þess að meta leiðir til að bæta raforkuöryggi á Vestfjörðum. Í ljósi góðrar reynslu og margt um líkar aðstæður á Norðausturlandi hefur verið ákveðið að koma á fót sambærilegu starfi sem skoði raforkukerfi Norðausturlands.

*Samþykkt að tilnefna sveitarstjóra í starfshópinn fyrir hönd Þingeyjarsveitar.*

### 9. Endurnýjun rekstrarleyfis – Staðarhóll

Lögð fram umsagnarbeiðni frá sýslumanninum á Húsavík, dags. 12. júní s.l. þar sem Bryndís Ívarsdóttir sækir um sem forsvarsmaður fyrir Gistiþjónustuna Staðarhól ehf. um endurnýjun á rekstrarleyfi til sölu gistinga og veitingu veitinga á Staðarhóli, í Aðaldal í Þingeyjarsveit.

*Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við endurnýjun rekstrarleyfisins fyrir sitt leyti.*

### 10. Nýtt rekstrarleyfi – Staðahraun

Lögð fram umsagnarbeiðni frá sýslumanninum á Húsavík, dags. 13. júní s.l. þar sem Bryndís Ívarsdóttir sækir um sem forsvarsmaður fyrir Gistiþjónustuna Staðarhól ehf. nýtt rekstrarleyfi til sölu gistingar í Staðahrauni, í Aðaldal í Þingeyjarsveit.

*Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við nýtt rekstrarleyfi fyrir sitt leyti.*

### 11. Drög að samningum um ráðgjöf vegna skólamála

Fyrir fundinum liggja drög að samningum um ráðgjöf vegna skipulags Þingeyjarskóla annars vegar við Haraldi Lindal Haraldssyni og hins vegar við Skólastofuna slf. rannsóknir-ráðgjöf.

T listi lagði fram eftirfarandi tillögu um að samningarnir tækju til eftirtalinnna atriða:

*sveitarstjóra, Dagbjörtu Jónsdóttur um endurnýjun ráðningasamnings.*

*Samþykkt samhljóða.*

### 3. Nefndakjör

Eftirtaldir voru kjörnir í nefndir og stjórnir á vegum sveitarfélagsins:

#### 4. Fræðslunefnd

Margrét Bjarnadóttir, Dæli, formaður, A lista  
Böðvar Baldursson, Heiðargarði, A lista  
Hanna Sigrún Helgadóttir, Dvergasteini, A lista  
Vagn Sigtryggsson, Hriflu, A lista  
Sigurlaug Svavarsdóttir, Brún, T lista

#### Varamenn

Heiða Guðmundsdóttir, Fagranesi, A lista  
Hallgrímur Óli Guðmundsson, Grímshúsum, A lista  
Hulda Björg Kristjánsdóttir, Selá, A lista  
Erlingur Ingvarsson, Sandhaugum, A lista  
Anna Karen Arnarsdóttir, Lautavegi 9, T lista

#### Félags- og menningarmálanefnd

Heiða Guðmundsdóttir, Fagranesi, formaður, A lista  
Hildur Rós Ragnarsdóttir, Presthvammi, A lista  
Jón Þórólfsson, Lundi, A lista  
Ingvar Vagnsson, Hlíðarenda, A lista  
Ari Heiðmann Jósavinsson, Miðhvammi, T lista

#### Varamenn

Ingibjörg Stefánsdóttir, Grímshúsum, A lista  
Nanna Marteinsdóttir, Arnþórsgerði, A lista  
Jón Óskarsson, Illugastöðum, A lista  
Ingvar Olsen, Fornhólum, A lista  
Kristrún Kristjánsdóttir, Smáragrund, T lista

#### Atvinnumálanefnd

Árni Pétur Hilmarsson, Nesi, formaður, A lista  
Friðrika Sigurgeirsdóttir, Bjarnastöðum, A lista  
Eiður Jónsson, Árteigi, A lista  
Ketill Indriðason, Fjallsgerði, T lista  
Freydís Anna Arngrímsdóttir, Hömrum, T lista

#### Varamenn

Svanhildur Kristjánsdóttir, Granastöðum, A lista  
Pétur Bergmann Arnason, Fagranesi, A lista  
Helga Sveinbjörnsdóttir, Nípá 1, A lista  
Ari Teitsson, Brún, T lista  
Baldvin Kristinn Baldvinsson, Torfunesi, T lista



# Fundargerð

Sveitarstjórn Þingeyjarsveitar

19.06.2014

148. fundur

sveitarstjórnar Þingeyjarsveitar

haldinn í Kjarna fimmtudaginn 19. júní 2014 kl. 13:00

## Fundinn sátu:

Arnór Benónýsson, Margrét Bjarnadóttir, Árni Pétur Hilmarsson, Ásvaldur Evar Þormóðsson, Heiða Guðmundsdóttir, Sigurður Hlynur Snæbjörnsson og Ketill Indriðason varamaður í forföllum Ragnars Bjarnasonar.

Að auki sat fundinn Dagbjört Jónsdóttir sveitarstjóri sem ritaði fundargerð.

Ásvaldur setti fund. Hann óskaði eftir að bæta á dagskrá undir 7. lið; Aðalfundarboði Dvalarheimilis aldraðra sf. og aðrir liðir færast neðar á dagskrá sem því nemur.

*Samþykkt samhljóða.*

## Dagskrá:

1. Kosning oddvita og varaoddvita
2. Ráðning sveitarstjóra
3. Nefndakjör
4. Ákvörðun um fundartíma sveitarstjórnarfunda
5. Fundargerð Skipulags- og umhverfisnefndar frá 11.06.2014
6. Aðalfundarboða Atvinnuþróunarfélags Þingeyinga hf.
7. Aðalfundarboð Dvalarheimilis aldraðra sf.
8. Tilnefning í starfshóp um raforkumál á Norðausturlandi
9. Endurnýjun rekstrarleyfis – Staðarhóll
10. Nýtt rekstrarleyfi – Staðarhraun
11. Drög að samningum um ráðgjöf vegna skólamála

## 1. Kosning oddvita og varaoddvita

Kosinn oddviti til fjögurra ára, Arnór Benónýsson með 5 atkvæðum.

Kosinn varaoddviti til fjögurra ára, Margrét Bjarnadóttir með 5 atkvæðum.

Oddviti tók við fundarstjórn, þakkaði traustið og bauð sveitarstjórnarfulltrúa velkomna til starfa og bauð sérstaklega velkomna nýja sveitarstjórafulltrúa, þau Heiðu Guðmundsdóttur og Ketil Indriðason. Oddviti óskaði eftir góðu og farsælu samstarfi á komandi kjörtímabili.

## 2. Ráðning sveitarstjóra

Tillaga um ráðningu sveitarstjóra.

*Oddvita og varaoddvita falið að ganga til samninga við núverandi*

*Eftirfarandi valkostir skulu skoðaðir sérstaklega:*

1. Einn skóli á þremur starfstöðvum með einn yfirmann.
2. Ein skólastofnun á þremur starfstöðvum en 8.-10. bekkur á einni eða tveimur starfstöðvum.
3. Einn skóli á tveimur starfsstöðvum.
4. Þrír sjálfstæðir grunnskólar.

*Jafnframt þarf að huga sérstaklega að tenglum grunnskóla og leikskóla annars vegar og grunnskóla og framhaldsskóla hins vegar þegar valkostir eru vegnir og metnir.*

Tillaga T lista borin upp til atkvæða.

*Tillagan felld með fimm atkvæðum meirihluta gegn tveimur atkvæðum minni hluta.*

Oddviti lagði fram tillögu um að sveitarstjóra yrði falið að ganga til samninga við fyrrgreinda aðila á grundvelli samningsdraga sem liggja fyrir fundinum.

*Tillagan samþykkt með fimm atkvæðum meirihluta gegn tveim atkvæðum minnihluta.*

T listi lagði fram eftirfarandi bókun:

*Fulltrúar T lista greiða atkvæði gegn tillögu meirihlutans um ráðgjöf vegna skólamála enda sé það óeðlilegt að ekki sé gerð allsherjarúttekt á skólamálum sveitarfélagsins.*

## Lagt fram til kynningar:

- a. Siðanefnd Sambands íslenskra sveitarfélaga – kynning
- b. Fundargerð 51. fundar stjórnar Dvalarheimilis aldraðra sf.

Fleira ekki gert og fundi slitið 14:50



## Atvinna !!!

Vegna mikilla anna óskar Verslunin við Goðafoss eftir því að ráða duglegan og jákvæðan einstakling til starfa sem fyrst.

Nánari upplýsingar í síma 464 3332

Einnig viljum við minna á að opið er í versluninni frá kl. 8:00– 21:00 alla daga í sumar og bjóðum við alla hjartanlega velkomna.

## Uglan

kaffihúsið í Gamla barnaskólanum  
Skógum í Fnjóskadal

*“Hefðbundið íslenskt góðgæti í heillandi félagsskap heimskræsinga“*

Minjasafn, bókakaffi o.fl.

Opið alla daga kl. 11 til 17

Léttir réttir í hádegínu,

kaffi/te, kökur, brauð

Laugardaga og sunnudaga kl. 11 – 14  
er okkar sívinsæli árbítur á boðstólum

**Gamli barnaskólinn** er einstakur staður þar sem minningar liggja í loftinu **Uglan** nýtir eftir föngum innlent hráefni og sem mest úr héraði, vistvænt og árstíðabundið. Heimabakað brauð og kökur, kæfur, súpur og saft.

Við tökum á móti hópum í kvöldverð ef pantað er fyrirfram

Hópapantanir í síma 895 3319

Finndu okkur á Facebook – [facebook.com/uglancafe](https://facebook.com/uglancafe)

*Verið velkomin!*

## BÍLSKÚRSSALA

verður á Kárhól laugardaginn 28.júni kl.11-16.  
bílkerra,elosög,vespa,verkfæri,

dúkkuvagnar,handverk og fleira og fleira.

Ekki posi á staðnum.  
Sjáumst.

## Golfæfingar á Laugum





Boðið verður upp á golfæfingar á  
Laugum  
dagana 29. og 30. júní, og 1. júlí frá  
klukkan 17:00 - 18:30. Verð er kr.  
3000 fyrir 16 ára og yngri en annars kr.  
5000.

Skráningar og nánari upplýsingar veitir  
Guðmundur Smári í netfanginu  
gummigun@gmail.com eða síma  
6981121."

Kæru lesendur og auglýsendur

Hlaupastelpan kemur út á fimmtudögum og  
auglýsingum þarf því að skila á þriðjudögum

fyrir kl. 15:00. 😊



## Markaðsdagur Fosshóli

Handverkskonur milli heiða gangast fyrir markaðsdegi á Fosshóli laugardaginn 12 júlí .

Tjald verður sunnan við búðina. Markaðurinn er öllum opinn félögum sem og einstaklingum.

Þátttökugjald 1000 kr. Skráning fyrir 5 júlí.

Sigrún s.4643274 .sigrun @[laugar.is](mailto:sigrun@laugar.is).

Margrét 4643605 .[margretjonsd@gmail.com](mailto:margretjonsd@gmail.com).

## SUMARLEIKAR HSP



Sumarleikar HSP verða á Laugum, Reykjadal helgina 26. – 27. júní.


Mótið hefst kl.11 á laugardag og kl.10 á sunnudag. Skráning er hjá Huldu Skarphéðins. á netfanginu [huldae@mi.is](mailto:huldae@mi.is) eða í síma 865-3054. Skráningu líkur á miðnætti fimmtudaginn 26.júní. Óskum eftir sjálfboðaliðum til að starfa við mótið. Skráning sjálfboðaliða er einnig hjá Huldu Skarphéðins. Við hvetjum Þingeyinga til að fjölmenna á mótið og taka þátt í þessari frábæru skemmtun.

Frjálssípróttaráð HSP

25.tbl.  
26. júní  
2014  
21. árg.

## Hlaupastelpan

[hlaupastelpan@isl.is](mailto:hlaupastelpan@isl.is),s:4643366/gsm:8953386



## Goðafossmarkaður EHF

Handverkskonur milli heiða.

## Vörumóttaka

mánudaginn 30. júní kl. 18:00– 22:00.

G.V. nefndin.



## Sundlaug og grill kl. 11:00 - 22:00

Afgreiðslan opin til 24:00  
Sundlaug - tjaldstæði – gisting  
Veðiðleyfi í Langavatn og Kringluvatn  
Fjölbreyttar veitingar  
sími 464 3903  
[www.heidarbaer.is](http://www.heidarbaer.is)